

Rangárþing ytra  
Haraldur Birgir Haraldsson  
Suðurlandsvegur 1-3  
850 Hella

Reykjavík, 20. apríl 2022  
UST202203-168/A.B.  
10.04.03

### **Efni: Tillaga - Deiliskipulag – Svínhagi L8 A – Rangárþing ytra**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa í Rangárþingi ytra er barst 11. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi Svínhaga L8 A í Rangárþingi ytra.

Í greinargerð kemur fram að skipulagið eru 7,3 ha. að stærð þar sem gert er ráð fyrir þremur byggingreitum. Á byggingarreitum B1 er heimilt að reisa íbúðarhús, á reit B2 er heimilt að byggja tvö frístundar- / gestahús og á reit B3 er heimilt að reisa skemmu. nýtingahlutfall lóða er 0,03. Auk þess gerir tillagan ráð fyrir aðkomuvegi, fráveitu, lögnum fyrir heitt og kalt vatn og bílastæðum.

### **Krókahraun**

Í greinargerð kemur fram að jörðin er í Krókahrauni og auk þess kemur fram að lynchraunavist sé ríkjandi á svæðinu<sup>1</sup>. Umhverfisstofnun bendir á að hraunið fellur undir a. lið 2. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Hægt er að sjá útbreiðslu hraunasvæðisins á kortasjá Náttúrufræðistofnunar Íslands.<sup>2</sup>

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að ofangreint komi fram í tillögunni og bendir stofnunin á mikilvægi þess að við valkostagreiningu séu verndargildi hraunasvæða metin.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að fjallað sé um hraunið í tillögunni, það metið og það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask þess sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að skipulagið sé hannað með þeim hætti að það raski ekki hraunmyndunum.

---

<sup>1</sup> <http://www.ni.is/greinar/lynghraunavist#&gid=null&pid=2>

<sup>2</sup> <https://serstokvernd.ni.is/>

Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á hrauni þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að veita saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Umhverfisstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúruyfyrirbæri sem verða fyrir röskun.

Í skipulagsáætluninni er ekki fjallað sérstaklega um framkvæmdir sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Umhverfisstofnun lítur því svo á að umsögn þessi uppfylli ekki umsagnarskyldu skv. 2. mgr. 68. gr., sbr. 3. mgr. 61. gr. og áskilur sér rétt til umsagnar áður en veitt er leyfi vegna framkvæmda sem kunna að raska vistkerfum og jarðminjum sem taldar eru upp í 1. og 2. mgr. 61. gr. laganna.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson

*sérfræðingur*

Björn Stefánsson

*sérfræðingur*